

Tillaga að breytingum á bæjarmálasamþykkt Sveitarfélagsins Árborgar til aðlögunar að breyttu skipuriti og nefndum.

46. gr., liður B, breytist og verður svohljóðandi:

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Félagsmálanefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Frístunda- og menningarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Fræðslunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Eigna- og veitunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Umhverfisnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
7. *Kjaranefnd.* Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

50. gr., liður D, breytist og verður svohljóðandi:

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, í umboði bæjarstjórnar, ræður sviðstjóra og mannauðsstjóra og veitir þeim lausn frá starfi. Sviðsstjórar eru fjórir, á stjórnsýslusviði, fjármálasviði, fjölskyldusviði og mannvirkja- og umhverfissviði.

51. gr., liður D, breytist og verður svohljóðandi:

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Sviðsstjórar skv. 50. gr., að höfðu samráði við bæjarstjóra og mannauðsstjóra, ráða stjórnendur deilda og stofnana sem undir þá heyra og veita þeim lausn frá störfum.

Stjórnendur stofnana og deilda ráða starfsmenn sem undir þá heyra að höfðu samráði við viðkomandi sviðsstjóra og mannauðsstjóra.

52. gr., liður D, breytist og verður svohljóðandi:

Framsal bæjarstjórnar og nefnda til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

Sviðsstjórum fjármála- og fjölskyldusviðs í sameiningu að afgreiða umsóknir um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sviðsstjóra fjármálasviðs að afgreiða umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, skv. reglum sveitarfélagsins þar um, dags. 9. desember 2009.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til þess sem ákvörðunina tók og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Bæjarmálasamþykkt fyrir breytingar

46. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Félagsmálanefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Íþrótt- og menningarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Fræðslunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Framkvæmda- og veitustjórn.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina. 6. *Kjaranefnd.* Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

50. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, í umboði bæjarstjórnar, ræður embættismenn sem heyra beint undir hann í skipuriti og veitir þeim lausn frá starfi. Nánar tiltekið er um að ræða fjármálastjóra, félagsmálastjóra, fræðslustjóra, framkvæmda- og veitustjóra, skipulags- og byggingarfulltrúa og tómtunda- og menningarfulltrúa. Að auki ræður bæjarstjóri sveitarfélagsins yfirmann tölvudeildar og skjalastjóra.

51. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Embættismenn skv. 50. gr. ráða stjórnendur þeirra stofnana sem undir þá heyra og sérfræðinga til starfa á þeim sviðum sem undir embættismennina heyra og veita þeim lausn frá störfum.

Stjórnendur stofnana ráða starfsmenn sinna stofnana og veita þeim lausn frá störfum.

52. gr.

Framsál bæjarstjórnar og nefnda til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með

sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

Fjármálastjóra og félagsmálastjóra í sameiningu að afgreiða umsóknir um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Fjármálastjóra að afgreiða umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómtundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, skv. reglum sveitarfélagsins þar um, dags. 9. desember 2009.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til þess sem ákvörðunina tók og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.